

Starfshópur um þjóðgarða og friðlýst svæði
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101, Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2022
E-2022-332/00.11

Umsögn um þjóðgarða og önnur friðlýst svæði - lykilkættir

Vísað er til máls nr. 188/2022 sem auglýst er til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða samantekt á lykilkættum og áskorunum sem fram komu hjá fulltrúum þeirra sem komu á fund starfshóps, djúpvíðtölum við valda aðila og innsendum gögnum. Landsvirkjun hefur kynnt sér skjalið og þakkar tækifærið til umsagnar.

Verkefnið sem starfshópurinn hefur með höndum er viðamikíð. Mikillar vinnu er þörf til að gefa greinargóðar upplýsingar um stöðu og áskoranir þjóðgarða og friðaðra svæða og vill Landsvirkjun hrósa starfshópnum fyrir samráðsferlið. Landsvirkjun var einn þeirra aðila sem hittu starfshópinn og sendi fyrirtækið í kjölfarið inn minnisblað um starfsemi og hagsmuni sem tengjast þjóðgörðum og friðuðum svæðum.

Við áframhaldandi vinnu er mikilvægt að horft sé á málefni þjóðgarða og friðaðra svæða í víðu samhengi. Um er að ræða stefnumótandi vinnu sem hefur gildi fyrir svæði sem njóta og gætu notið friðunar í framtíðinni og því mikilvægt að raddir atvinnulífsins heyrast.

Hvað varðar einstaka kafla má sjá athugasemdir Landsvirkjunar hér að neðan:

Aðkoma nærsamfélaga

Í umfjöllun starfshópsins um aðkomu nærsamfélaga kemur fram að ólíkt er eftir stofnunum og svæðum hvernig samvinnu við heimamenn er háttáð á friðlýstum svæðum. Bent er á að styrkja þurfi tengsl við heimamenn og sveitarfélög á friðlýstum svæðum með aukinni aðkomu að umsjón, ákvarðanatöku og rekstri friðlýstra svæða.

Landsvirkjun bendir á að ekki er ljóst hvað átt er við með hugtakinu "heimamenn" í þessu tilviki. Notkun orðsins bendir að líkindum til einstaklinga en Landsvirkjun bendir á að hugtakið geti einnig átt við um fulltrúa atvinnulífs viðkomandi svæða, s.s. ferðaþjónustuaðila, orkuvinnsluaðila, bændur o.fl. Landsvirkjun leggur til að fjallað verði betur um aðkomu allra heimamanna í nærsamfélagi, jafnt íbúa sem og þá sem eru með atvinnurekstur í eða við friðlýst svæði.

Byggðamál og atvinnuuppbygging

Í umfjöllun um byggðamál og atvinnuuppbyggingu kemur fram að ýmis tækifæri felast í friðlýsingu svæða, m.a. með auknum atvinnutækifærum víða um land. Í því samhengi er fjallað um skort á íbúðarhúsnæði sem kemur í veg fyrir að starfsmenn geti átt þar heimili.

Landsvirkjun bendir á að starfsemi á friðlýstum svæðum fer oftast en ekki fram samhliða annarri atvinnustarfsemi. Sú atvinnustarfsemi styður gjarnan við framþróun og rekstur friðlýstra svæða og kallar slíkt á enn frekari umfjöllun. Í því samhengi bendir Landsvirkjun á það að fyrirtækið hefur undanfarin ár átt gott samstarf við Vatnajökulspjóðgarð við norðanverðan Vatnajökul þar sem báðir aðilar hafa notið góðs af. Æskilegt væri að meira væri fjallað um tækifæri sem felast í samstarfi atvinnulífs og reksturs friðlýstra svæða.



Landsvirkjun rekur virkjunarsvæði í nágrenni tveggja þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Vatnajökulsþjóðgarður er í nágrenni við tvö orkuvinnslusvæði; Þjórsársvæðið á Suðurlandi og rekstur Fljótsdalsstöðvar á Austurlandi. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er enn fremur í nágrenni við þrjár virkjanir í Soginu. Fyrirtækið hefur undanfarna áratugi fylgst grannt með framþróun náttúrunnar á starfssvæði fyrirtækisins og stendur fyrir fjölbættum umhverfis- og auðlindarannsóknum sem eru mikilvægur þáttur í starfsemi Landsvirkjunar. Þessi aukna þekking nýtist jafnframt öðrum aðilum, t.d. friðlýstum svæðum, því að á grundvelli þessara rannsókna verður til þekking sem veitir skilning á breytingum á náttúru landsins. Má þar sérstaklega nefna mælingar á vatnafari, veðurfari og jöklarannsóknum.

Almennt

Landsvirkjun bendir á að þær ábendingar sem koma fram í skjalinu beinast að mörgu leyti að innri starfsemi þeirra sem fara með umsjón og rekstur friðlýstra svæða. Ábendingar þær sem Landsvirkjun hefur komið á framfæri á fyrri stigum hafa ekki ratað í skjalið. Landsvirkjun bendir á að friðlýst svæði eru ekki eyld og nauðsynlegt er að fjalla um tengsl svæðanna við starfsemi innan eða í næsta nágrenni þeirra og þannig endurspeгла aðkomu og tengsl annarra hagaðila en þeirra sem fara með beinan rekstur viðkomandi svæða.

Fyrirtækið hvetur til þess að horft verði einnig til atriða s.s. samlegðar og samstarfstækifæra innan eða í nágrenni friðlýstra svæða sem og öryggismála í víðara samhengi. Landsvirkjun bendir í því samhengi á að mörg svæði, s.s. hálendi Íslands, munu taka miklum breytingum á næstkomandi áratugum og því mikilvægt að gæta að sveigjanleika til að takast á við breyttar aðstæður.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir

Aðstoðarforstjóri

Ólafur Arnar Jónsson

Forstöðumaður nærfélags og náttúru